

38. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

Tillögur til allsherjarnefndar

Efnisyfirlit

<i>Byggðakvóti</i>	2
<i>Afladagbók</i>	2
<i>Línur og svæðalokanir</i>	2
<i>Flotvarpa</i>	3
<i>Rannsóknir á lífríkinu</i>	3
<i>Drónar</i>	3
<i>Mönnunarmál</i>	3
<i>Bryggjuskattur</i>	4
<i>Ýmislegt</i>	4

Byggðakvóti

- Aðalfundur LS leggur til að almennur byggðakvóti verði veiddur af dagróðrabátum undir 30 brt.

Afladagbók

- Aðalfundur LS fer fram á að dagróðrabátar verði undanþegnir því að halda afladagbók.

Línur og svæðalokanir

- Aðalfundur LS krefst þess að ekki verði opnað fyrir dragnóta- og netaveiðar fyrir innan línu sem dregin er úr Selskeri í Selsker á Breiðafirði.
- Aðalfundur LS mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum eins og fram kom í skýrslu starfshóps um „faglega“ endurskoðun varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum.
- Aðalfundur LS telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilokunum á handfæraveiðar.
- Aðalfundur LS styður smábátafélag Skagafjarðar og ítrekar með vísan til fyrri samþykka félagsins og sveitarstjórnar Skagafjarðar kröfu um að dragnótaveiðar á Skagafirði verði nú þegar takmarkaðar í samræmi við fyrra fyrirkomulag veiðanna á firðinum, þ.e. að svæðinu innan línu úr Ásnefi í vestri í Þórðarhöfða/Kögur í austri verði lokað fyrir veiðum með dragnót.
- Aðalfundur LS leggur til að griðarsvæði fiska á grunnslóð verði bætt með því að banna allar veiðar með botntrolli fyrir innan 12 mílur og varar við þeirri linkind stjórnvalda að hleypa sífellt öflugri skipum upp á grunnslóð (kálgarða).
- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að endurskoða heimildir til veiða með dragnót víða um land.
- Aðalfundur LS mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum.
- Aðalfundur LS leggur til að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.
- Aðalfundur LS leggur til að veiðar með dragnót í Faxaflóa verði bannaðar - innan línu úr Garðskaga í Malarrif.

Flotvarpa

- Aðalfundur LS leggur til algjört bann við notkun flotvörpu við loðnuveiðar.

Rannsóknir á lífríkinu

- Aðalfundur LS leggur til að aðferðafræði Hafrannsóknastofnunarinnar verði endurskoðuð frá grunni. Ennfremur verði beitt öllum þrýstingi sem mögulegur er á ráðherra og stjórnámamenn að skapa grundvöll fyrir samkeppni í hafrannsóknnum.

Tilraunir Hafrannsóknastofnunar með uppbyggingu þorsstofnsins hefur staðið yfir í 40 ár. Heitstrengingar í upphafi gengu út að ef farið yrði að tillögum þeirra myndi afraksturinn verða 400 til 500 þúsund tonna jafnstöðuaflí. Tillögum þeirra hefur verið fylgt að fullu öll þessi ár. Árangurinn er að þjóðin fær nú helminginn af því sem lofað var, við erum enn um miðja deild. Ekki verður lengur unað við þessa niðurstöðu án umræðu og útskýringa þeirra aðila sem ábyrgð bera. Til þessa hefur Hafró komist upp með að drepa alla umræðu um þessi mál með þögninni og með því að útmála þá sem hafa andmælt sem ómarktæka. Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu þara úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.

- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að hætta við lokun útibús Hafrannsóknarstofnunar í Ólafsvík.
- Aðalfundur LS skorar á umhverfisráðherra, að beita sér fyrir því að gert verði umhverfismat á áhrifum veiðarfæra sem heimilt er nota á Íslandsmiðum á sjávarbotn og lífríki sjávar. Með vísan í doktorsrannsókn sem gerð var af Ólafi Ingólfssyni við Hafrannsóknastofnunina í Bergen í Noregi. Vísað í rannsókn birt í vísindatímaritinu Nature á kolefnisspori botntrollsveiða.

Drónar

Aðalfundur LS mótmælir eftirliti Fiskistofu með drónum.

Mönnunarmál

- Aðalfundur LS krefst þess að staðið verði vörð um þau réttindi sem smábátasjómenn hafa í dag og hafnar framkomnum hugmyndum um stýrimann á dagróðrabátum sem eru undir 30 tonnum og 15 metrum.
- Aðalfundur LS fer fram á að löggjafinn og Samgöngustofa samræmi þau lög og þær mótsagnakenndu reglugerðir sem eru í gildi.

Bryggjuskattur

- Aðalfundur LS krefst þess að afnumið verði álag á löndunargjald vegna afla sem er undir 1 tonni.
- Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) á virkjun veiðileyfa við strandveiðar.
- Aðalfundur LS leggur til að 50.000 króna gjaldið verði afnumið af veiðileyfi strandveiða.

Ýmislegt

- Aðalfundur LS krefst þess að allur afli sé endanlega vigtaður á hafnarvog í löndunarhöfn nema þegar landað er á fiskmarkað þar sem fiskur er flokkaður og vigtaður af löggiltum hafnarvigtafmanni.
- Aðalfundur LS hvetur til áframhaldandi hvalveiða við Ísland.
- Aðalfundur LS leggur til að ekkert fyrirtæki eigi meir en 12% samanlagða aflahlutdeild í aflamarki og krókaflamarki.
- Aðalfundur LS vill að hámarks eignarhlutur einstakra útgerða í krókaflamarki verði lækkað til að tryggja dreifða eignaraðild og koma í veg fyrir samþjöppun veiðiheimilda.
- Aðalfundur LS telur að skýra þurfi frekar hvað eru tengdir aðilar þegar kemur að kvótaeign einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi og breyta því viðmiði sem nú er og til dæmis nota sama viðmið og var notað við val á fólki í kjörstjórnir við síðustu kosningar.
- Aðalfundur LS samþykkir að stærðarmörk krókabáta verði óbreytt, hámarksstærð þeirra fari aldrei yfir 30 tonn.
- Aðalfundur LS fordæmir alfarið brottkast og slæma aflameðferð.
- Aðalfundur LS krefst þess að veiðigjald verði innheimt af loðnu sem veidd var á nýliðinni loðnuvertíð.
- Aðalfundur LS krefst þess að farsímsamband í Faxaflóa verði stórbætt.
- Aðalfundur LS óskar eftir því að sjávarútvegsráðherra fái heimildir til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.
- Aðalfundur LS hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaflamarks.

- Aðalfundur LS skorar á umhverfisráðherra, að beita sér fyrir því að unnið verði umhverfismat á áhrifum botndreginna veiðarfæra sem notuð eru á Íslandsmiðum á sjávarbotn og lífríki sjávar. Alþjóðlegar rannsóknir hafa m.a. gefið til kynna að þriðjungur þorsks sem verður fyrir botntrolli kremst til bana, skaddast eða sleppur. Þá hefur verið sýnt fram á að veruleg losun á CO₂ úr botni sjávar á sér stað þegar troll er dregið eftir honum.